

Til Bæjarráðs Árborgar

Eyrarbakki 31.október 2019

**Erindi:**

**Framhald af kynningu: Rökkur- og aðventuverkefni á Eyrarbakka og ósk um kostun þess.**

Frá því að síðasti fundur Bæjarráðs var haldin hafa farið fram viðræður við starfsmenn Fangelsisins/verkstæðisins sem eru reiðubúnir að hanna og smíða merkingar með heitum gömlu íslensku jólasveinanna.

Þá hefur verkefnið verið kynnt Hverfisráði Eyrbekkinga sem telja það falla vel að væntingum fulltrúa þess.

Við viljum líta á þetta framtak sem lið í að eyrnamerkja Eyrabakka sem þjóðmenningarþorp sem opna mun á athygli og áhuga gesta á sögu lands og þjóðar í víðu samhengi.

Skiltagerðin verður unnin úr timbri og hönnuð lóðrétt; nöfn gömlu jólasveinanna verða skorin út í skiltin. Í fyrsta umgangi verða unnin 15 -**20 skilti** sem fest verða ofarlega á annanhvorn ljósastaur við aðlagötu þorpsins frá Gamla Torginu í austurátt í námunda við Álfstétt.

**Kostnaður**

Fangelsið er reiðubúið til að kaupa efni og vinna skilti fyrir **kr 5,000 per stykki.**

Til viðbótar við þann kostnaðarlið er jafnframt óskað eftir framlagi af hálfu framkvæmdarsviðs Árborgar **við að festa kaup á „hulsum“ utan um staurana til festinga og uppsetningu skiltanna með þeim.**

Við sem að stöndum að baki þessarar hugmyndar teljum hún geti reynst árangursrík leið til að ná til eyrna fjölmiðla og almennrar umfjöllunar í hinum rafræna heima og þar af leiðandi til eyrna góðra gesta sem sækja munu þorpið heim til að sjá og upplifa.

Þeim heimsóknum munu án ef fylgja heimsóknir í Húsið, Byggðasafn Árnesinga, Rauða húsið í jólakaffi og jólaborð sem tvinnast mun saman við helgardagskrár Bakkastofu fyrir fjölskyldur og vinnustaða- og vinahópa að kvöldlagi. Sjá <https://www.bakkastofa.com/roekkur dagar>

Hér koma nokkur sýnishorn af nöfnum sem send voru verkstæði Fangelsins til viðmiðunar:

- 1 Baggalútur
- 2 Bjálfinn
- 3 Drumbur fyrir alla
- 4 Flotsokka
- 5 Flórsleikir
- 6 Hlöðustrangi
- 7 Kertasleikir
- 8 Kleinusníkir
- 9 Klettaskora
- 10 Litlidrumbur
- 11 Moðbingur
- 12 Pönnuskuggi
- 13 Redda
- 14 Sledda
- 15 Reykjasvelgur
- 16 Svartisleikir
- 17 Faldafeykir
- 18 Lungnaslettir

Með vinsemd og virðingu fyrir hönd samstarfshópsins  
Ásta Krístrún Raagnarsdóttir, Bakkastofu  
Sími 821-2428

